

FRÁSÖGN

af fundi stjórnarnefndar þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu 11. mars 2022.

Stjórnarnefnd ÖSE-þingsins fundaði með fjarfundarbúnaði á sérstökum aukafundi um innrás Rússa í Úkraínu. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Bryndís Haraldsdóttir, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari.

Margareta Cederfelt, forseti ÖSE-þingsins, lýsti áhyggjum sínum af versnandi ástandi í Úkraínu og hvatti til samstöðu landa við að fordæma innrásina. Hún sagði það skyldu þingmanna ÖSE-þingsins að þrýsta á um aukna aðstoð við Úkraínu og að styðja við tilraunir til samningaviðræðna. Cederfelt ítrekaði að árásarstríðið væri skýrt brot á alþjóðalögum sem og gildum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Roberto Montella, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, sagðist þurfa að biðja utanríkisráðherra Úkraínu afsökunar á að hafa ekki trúnað honum þegar hann sagði að stríð væri yfirvofandi. Montella sagðist hafa lagt of mikinn trúnað á samtöl sín við Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. Hann sagði mikilvægt að ÖSE og ÖSE-þingið gæfu nú skýr skilaboð út á við og réðust í aðgerðir sem gögnuðust fórnarlömbum stríðsins.

Yevheniia Kravchuk, fulltrúi landsdeildar Úkraínu, bað fundarmenn að hugsa til úkraínskra fjölskyldna sem hýrðust í kjöllurum við rafmagnsleysi og vatnsskort. Sendiherra Úkraínu gagnvart ÖSE flutti þinginu skilaboð frá Dmytro Kuleba, utanríkisráðherra Úkraínu. Þar kallaði Kuleba eftir samstöðu um frið og aðgerðir til að bjarga lífi Úkraínumanna og verja gildi hins frjálsa heims.

Bryndís Haraldsdóttir lýsti samkennd sinni með úkraínskum kollegum sínum og ítrekaði að innrás Rússa í Úkraínu bryti í bága við alþjóðalög og þau gildi sem lýst væri í Helsinkilokagerðinni, sem liggur til grundvallar Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Bryndís benti á að Íslendingar væru herlaus þjóð sem ætti öryggi sitt undir því að alþjóðalög væru virt. Innrásin markaði kaflaskil og þrátt fyrir að Ísland gæti ekki sent Úkraínu hergögn myndi Ísland styðja Úkraínumenn eftir bestu getu.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://www.oscepa.org/>.